

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 715/2007

frá 20. júní 2007

um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar skulu tryggðir. Í þeim tilgangi er til staðar heildargerðarviðurkenningakerfi Bandalagsins fyrir vélknúin ökutæki, sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽³⁾. Tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar skulu því samræmdar til að koma í veg fyrir að samþykktar verði mismunandi kröfur frá einu aðildarríki til annars og til að tryggja öfluga umhverfisvernd.
- 2) Þessi reglugerð er meðal allmargra sérgerða sem fjalla um gerðarviðurkenningaraðferð Bandalagsins samkvæmt tilskipun 70/156/EBE. Því ber að breyta þeirri tilskipun til samræmis við þetta.

- 3) Að beiðni Evrópuþingsins hefur ný aðferð, sem felur í sér reglusetningu, verið innleidd í ökutækjalöggjöf ESB. Með þessari reglugerð eru því sett grundvallarákvæði um losun frá ökutækjum með útblæstri en tækniforskriftir verða settar með framkvæmdaráðstöfunum, sem samþykktar verða að lokinni málsmeðferð í nefndum.
- 4) Í mars 2001 hratt framkvæmdastjórnin úr vör áætluninni Hreint loft í Evrópu (CAFE), en meginþættir hennar eru tilgreindir í orðsendingu frá 4. maí 2005. Þetta hefur leitt til samþykktar þemaáætlunar um loftmengun með orðsendingu frá 21. september 2005. Ein niðurstaða áætlunarinnar er sú að draga þurfi enn frekar úr losun í flutningageiranum (flutningar í lofti, á sjó og á landi), frá heimilum og orkugeiranum, landbúnaði og iðnaði til að ná markmiðum ESB um loftgæði. Í þessu sambandi skal líta á minnkun losunar frá ökutækjum sem hluta af heildaráætlun. Staðlarnir Euro 5 og Euro 6 eru meðal þeirra ráðstafana sem miða að því að draga úr losun á efnisögnum og styrk forefna ósons, s.s. köfnunarefnisoxíða og vetniskolefna.
- 5) Til að ná markmiðum ESB um loftgæði þarf áframhaldandi átak til að draga úr losun frá ökutækjum. Því skal iðnaðurinn fá skýrar upplýsingar um framtíðarviðmiðunarmörk fyrir losun. Í þessari reglugerð er því ekki aðeins að finna viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar Euro 5-stigið heldur einnig Euro 6-stig viðmiðunarmark losunar.
- 6) Einkum er nauðsynlegt að draga umtalsvert úr losun köfnunarefnisoxíða frá dísilknúnum ökutækjum til að auka loftgæði og til að losun verði í samræmi við viðmiðunarmörk fyrir mengun. Þetta þýðir að ná þarf hinum metnaðarfullu viðmiðunarmörkum fyrir Euro 6-stigið án þess að nauðsynlegt reynist að fórna kostum dísilhreyfla að því er varðar eldsneytisnotkun og losun vetniskolefna og kolsýrings. Ef slík ráðstöfun til að draga úr losun köfnunarefnisoxíða er gerð snemma mun það gera framleiðendum ökutækja um alla Evrópu kleift að gera áætlanir til langs tíma.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 62.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 13. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2007.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/96/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81).

- 7) Þegar settir eru staðlar um losun er mikilvægt að hafa í huga áhrif þeirra á samkeppnishæfni markaða og framleiðenda, beinan og óbeinan kostnað sem fyrirtæki verða fyrir og ávinninginn að því er varðar örvun nýsköpunar, bætt loftgæði, minnkandi heilbrigðiskostnað og lengri ævi, auk þýðingarinnar fyrir heildaráhrifin á losun koltvísýrings.
- 8) Ótakmarkaður aðgangur að upplýsingum um ökutækjaviðgerðir á stöðluðu formi, sem nota má til að heimta tæknilegu upplýsingarnar, og virk samkeppni á markaði að því er varðar upplýsingaþjónustu á sviði viðgerða og viðhalds ökutækja eru nauðsynleg til að bæta starfsemi innri markaðarins, einkum að því er varðar frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Stór hluti þessara upplýsinga varðar innbyggð greiningarkerfi (OBD) og samspil þeirra og annarra kerfa í ökutækinu. Rétt er að mæla fyrir um tækniforskriftir sem vefsetur framleiðenda skulu fara eftir, auk markvissra ráðstafana til að tryggja sanngjarnan aðgang litilla og meðalstórra fyrirtækja. Sameiginlegir staðlar, sem samþykktir eru með þátttöku hagsmunaaðila, s.s. OASIS-sniðið⁽¹⁾, geta auðveldað upplýsingaskipti milli framleiðenda og þjónustuveitenda. Því er rétt að krefjast þess strax í upphafi að notaðar verði tækniforskriftir á OASIS-sniði og fara fram á það við framkvæmdastjórnina að hún biðji CEN/ISO að þróa sniðið frekar þannig að það verði staðall og komi í stað OASIS-sniðsins þegar þar að kemur.
- 9) Eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin fara yfir það hvernig aðgangskerfið virkar, að því er varðar allar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja, með það fyrir augum að ákveða hvort rétt sé að steypa öllum ákvæðum um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja saman í einn texta, innan breyttrar rammtilskipunar um gerðarviðurkenningu. Ef ákvæðin um aðgang að öllum ökutækjaupplýsingum eru felld inn í þá tilskipun skulu tilsvaramandi ákvæði þessarar reglugerðar felld úr gildi, enda séu gildandi réttindi til aðgangs að upplýsingum um viðgerðir og viðhald tryggð.
- 10) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast stöðugt með losun, sem enn er ekki stjórnað og verður til vegna útbreiddari notkunar nýrra tegunda eldsneytis, nýrrar hreyfiltækni og nýrra mengunarvarnarkerfa og, þegar þörf krefur, leggja fram tillögu til Evrópuþingsins og ráðsins um stjórnun á slíkri losun.
- 11) Til að auðvelda innleiðingu ökutækja, sem ganga fyrir óhefðbundnum tegundum eldsneytis og losa e.t.v. minna af köfnunarefnisoxíði og efnisögnum, og sjá til þess að þau verði áfram til staðar um leið og stuðlað er að minni losun frá bensínkúnum ökutækjum eru með þessari reglugerð ákveðin sérstök aðskilin viðmiðunarmörk fyrir heildarstyrk vetniskolefna og heildarstyrk annarra vetniskolefna en metans.
- 12) Rétt er að halda áfram átaki til að koma á strangari losunarmörkum, þ.m.t. minnkun á losun koltvísýrings, og sjá til þess að mörkin tengist raunverulegri frammistöðu ökutækja í notkun.
- 13) Til að tryggja að losun á mjög fingerðum efnisögnum (0,1 µm og minni) sé takmörkuð skal framkvæmdastjórnin samþykkja og innleiða, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en þegar Euro 6 öðlast gildi, aðferð sem miðast við fjölda agna, til viðbótar aðferðinni sem nú er notuð og miðast við massa. Aðferðin, sem miðast við fjölda efnisagna, skal vera byggð á niðurstöðum agnamælingakerfis efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og vera í samræmi við metnaðarfullu umhverfismarkmiðin, sem í gildi eru.
- 14) Til að endurtekningarnákvæmni verði meiri við mælingar á massa og fjölda efnisagna í útblæstri á rannsóknarstofunni skal framkvæmdastjórnin samþykkja nýja mæliaðferð sem komi í stað núverandi mæliaðferðar. Hana skal innleiða eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við gildistöku Euro 6. Hún skal byggð á niðurstöðum agnamælingakerfisins. Þegar nýja mæliaðferðin hefur verið innleidd skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun á efnisögnum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, endurkvörðuð þar eð unnt er að mæla lægri massa með nýju aðferðinni en þeirri sem nú er notuð.
- 15) Framkvæmdastjórnin skal fylgjast reglulega með þörfinni á að endurskoða nýju, evrópsku aksturslotuna (New European Drive Cycle), sem er grundvöllur reglugerða EB um gerðarviðurkenningar með tilliti til losunar. Nauðsynlegt kann að reynast að uppfæra prófunarloturnar eða skipta þeim út til að endurspeglar breytingar á forskrift ökutækisins og ökuhegðun. Endurskoðun kann að reynast nauðsynleg til að tryggja að raunveruleg losun sé í takt við þá sem mælt er í tengslum við gerðarviðurkenningu. Einnig skal huga að notkun færanlegra mælikerfa fyrir losun og innleiðingu regluhugtaksins „losun innan marka“ („not-to-exceed“).
- 16) Innbyggð greiningarkerfi eru mikilvæg við stjórnun losunar þegar ökutækið er í notkun. Þar eð stjórnun raunverulegrar losunar er mikilvæg skal framkvæmdastjórnin sífellt endurmeta kröfurnar, sem gerðar eru til slíkra kerfa, ásamt þolþröskuldum fyrir vöktun á bilunum.
- 17) Staðlaðar aðferðir eru nauðsynlegar við mælingar á eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun ökutækja til að tryggja að engar tæknilegar viðskiptahindranir myndist milli aðildarríkja. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að viðskiptavinir og notendur fái hlutlægar og nákvæmar upplýsingar.

⁽¹⁾ Organisation for the Advancement of Structured Information Standards.

- 18) Áður en framkvæmdastjórnin gerir tillögu að framtíðarlosunarstöðlum skal hún koma á fót rannsóknnum í því skyni að ákvarða hvort skipting ökutækjaflokka í undirflokka sé enn nauðsynleg og hvort unnt sé að setja viðmiðunarmörk fyrir losun sem séu hlutlaus m.t.t. massa.
- 19) Aðildarríkin skulu, með fjárhagslegri hvatningu, geta flýtt fyrir markaðssetningu ökutækja sem uppfylla kröfurnar sem samþykktar hafa verið á vettvangi Bandalagsins. Slík hvatning skal þó uppfylla ákvæði sáttmálans, einkum reglur um ríkisaðstoð. Þetta er gert til að komast hjá því að innri markaðurinn raskist. Ákvæði þessarar reglugerðar hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að reikna með losun þegar reikningsgrundvöllur fyrir skatta á ökutæki er ákveðinn.
- 20) Þar eð löggjöf um losun frá ökutækjum og eldsneytiseyðslu hefur verið í þróun í meira en 35 ár og dreifist nú á meira en 24 tilskipanir er rétt að ný reglugerð og nokkrar framkvæmdaráðstafanir komi í stað þessara tilskipana. Með reglugerð verður tryggt að ítarlegu, tæknilegu ákvæðin séu bindandi fyrir framleiðendur, viðurkenningaryfirvöld og tækniþjónustu og að unnt sé að uppfæra þau mun hraðar og á skilvirkari hátt. Tilskipanir 70/220/EBE⁽¹⁾, 72/306/EBE⁽²⁾, 74/290/EBE⁽³⁾, 80/1268/EBE⁽⁴⁾, 83/351/EBE⁽⁵⁾, 88/76/EBE⁽⁶⁾, 88/436/EBE⁽⁷⁾, 89/458/EBE⁽⁸⁾,
- 91/441/EBE⁽⁹⁾, 93/59/EBE⁽¹⁰⁾, 94/12/EB⁽¹¹⁾, 96/69/EB⁽¹²⁾, 98/69/EB⁽¹³⁾, 2001/1/EB⁽¹⁴⁾, 2001/100/EB⁽¹⁵⁾ og 2004/3/EB⁽¹⁶⁾ skulu því felldar úr gildi. Auk þess skulu aðildarríkin fella úr gildi lögín sem innleiddu tilskipanirnar, sem felldar eru úr gildi.
- 21) Til að skýra gildissvið laga um losun frá ökutækjum ber að breyta tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stigu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðoliugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki⁽¹⁷⁾ þannig að hún taki til allra þungra ökutækja og þar með sé ljóst að þessi reglugerð gildi um létt ökutæki.
- ⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/76/EB (Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 29).
- ⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 72/306/EBE frá 2. ágúst 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnun í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum (Stjtið. EB L 190, 20.8.1972, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/21/EB (Stjtið. ESB L 61, 8.3.2005, bls. 25).
- ⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 74/290/EBE frá 28. maí 1974 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins nr. 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (Stjtið. EB L 159, 15.6.1974, bls. 61). Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/101/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 238).
- ⁽⁴⁾ Tilskipun ráðsins 80/1268/EBE frá 16. desember 1980 um koldíoxíðsútblástur og eldsneytiseyðslu vélknúinna ökutækja (Stjtið. EB L 375, 31.12.1980, bls. 36). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/3/EB (Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 36).
- ⁽⁵⁾ Tilskipun ráðsins 83/351/EBE frá 16. júní 1983 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (Stjtið. EB L 197, 20.7.1983, bls. 1).
- ⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 88/76/EBE frá 3. desember 1987 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 1).
- ⁽⁷⁾ Tilskipun ráðsins 88/436/EBE frá 16. júní 1988 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (takmarkanir á útblæstri agna frá dísilhreyflum) (Stjtið. EB L 214, 6.8.1988, bls. 1).
- ⁽⁸⁾ Tilskipun ráðsins 89/458/EBE frá 18. júlí 1989 sem breytir, með tilliti til evrópskra staðla um útblástur bifreiða með hreyfla innan við 1,4 lítra að stærð, tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (Stjtið. EB L 226, 3.8.1989, bls. 1).
- ⁽⁹⁾ Tilskipun ráðsins 91/441/EBE frá 26. júní 1991 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (Stjtið. EB L 242, 30.8.1991, bls. 1).
- ⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 93/59/EBE frá 28. júní 1993 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja með rafkveikju (Stjtið. EB L 186, 28.7.1993, bls. 21).
- ⁽¹¹⁾ Tilskipun 94/12/EB Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. mars 1994 um ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 100, 19.4.1994, bls. 42).
- ⁽¹²⁾ Tilskipun 96/69/EB Evrópuþingsins og ráðsins frá 8. október 1996 um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 282, 1.11.1996, bls. 64).
- ⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/69/EB frá 13. október 1998 varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 1).
- ⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/1/EB frá 22. janúar 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 35, 6.2.2001, bls. 34).
- ⁽¹⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/100/EB frá 7. desember 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum (Stjtið. EB L 16, 18.1.2002, bls. 32).
- ⁽¹⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/3/EB frá 11. febrúar 2004 um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE og 80/1268/EBE að því er varðar mælingar á losun koltvísýrings og eldsneytiseyðslu ökutækja í flokki N₁ (Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 36).
- ⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/51/EB (Stjtið. ESB L 152, 7.6.2006, bls. 11).

22) Til að tryggja að umskiptin frá gildandi tilskipunum yfir í þessa reglugerð gangi snurðulaust fyrir sig skal reglugerðinni ekki beitt fyrir en ákveðinn tími er liðinn frá gildistöku hennar. Á þeim tíma skulu framleiðendur þó hafa val um að fá ökutæki viðurkennd samkvæmt gildandi tilskipunum eða þessari reglugerð. Auk þess skulu ákvæðin um fjárhagslega hvatningu koma til framkvæmda strax eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Gildistaka þessarar reglugerðar hefur ekki áhrif á gerðarviðurkenningar, sem veittar hafa verið samkvæmt gildandi tilskipunum.

23) Til að tryggja að umskiptin frá gildandi tilskipunum yfir í þessa reglugerð gangi snurðulaust fyrir sig skal gera ráð fyrir ákveðnum undantekningum á Euro 5-stigi fyrir ökutæki sem hönnuð eru til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir. Þessar undantekningar skulu falla úr gildi við gildistöku Euro 6.

24) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.

25) Einkum skal umboð til að koma á viðmiðunarmörkum, byggðum á fjölda fingerðra agna, í I. viðauka vera í höndum framkvæmdastjórnarinnar, auk endurkvörðunar á viðmiðunarmörkum, byggðum á massa agna, sem sett eru fram í þeim viðauka. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnáslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

26) Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa umboð til að koma á tilgreindum aðferðum, prófunum og kröfum að því er varðar gerðarviðurkenningar, auk endurskoðaðra aðferða við mælingar á ögnum og viðmiðunarmarkaðum sem byggjast á fjölda agna, og til að gera ráðstafanir varðandi notkun temprunarbúnaðar, aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald og prófunarlotur til að mæla losun. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að bæta nýjum, veigalitlum þáttum við þessa reglugerð skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnáslumálsmeðferð með eftirliti sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

27) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að innri markaðurinn verði að veruleika með setningu sameiginlegra tæknilegra krafna um losun frá ökutækjum og aðgangur sjálfstæðra rekstraraðila að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja verði hinn sami og aðgangur viðurkenndra seljenda og viðgerðarverkstæða, og markmiðunum verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við

dreifræðisregluna, eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Viðfangsefni

1. Með þessari reglugerð er mælt fyrir um sameiginlegar tækniröfur fyrir gerðarviðurkenningar á vélknúnum ökutækjum (ökutækjum) og varahlutum, s.s. endurnýjunar-mengunarvarnarbúnaði, að því er varðar losun.

2. Auk þess er í þessari reglugerð mælt fyrir um samræmi í notkun, endingu mengunarvarnarbúnaðar, innbyggð greiningarkerfi (OBD), mælingu á eldsneytiseyðslu og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um ökutæki í flokkum M1, M2, N1 og N2, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, með viðmiðunarmassa sem ekki er meiri en 2 610 kg.

2. Að beiðni framleiðandans er unnt að rýmka gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari reglugerð þannig að hún gildi ekki einungis um ökutæki, sem fjallað er um í 1. mgr., heldur einnig ökutæki í flokkum M₁, M₂, N₁ og N₂ eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 70/156/EBE, sem hafa viðmiðunarmassa sem ekki er meiri en 2 840 kg og uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfunum hennar.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfunum hennar, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „fjölnúíð ökutæki“: ökutæki sem hefur a.m.k. tvo mismunandi orkubreyta og tvö mismunandi orkugeymslukerfi (á ökutækinu) til að knýja það,

⁽¹⁾ Stjórn. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjórn. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

2. „ökutæki, sem hönnuð eru til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir“: dísilökutæki í flokknum M1, sem eru:
- ökutæki til sérstakra nota, eins og þau eru skilgreind í tilskipun 70/156/EBE, með viðmiðunarmassa meiri en 2 000 kg,
 - ökutæki með viðmiðunarmassa meiri en 2 000 kg, hönnuð til að flytja sjö manns eða fleiri, að öikumanni meðtöldum, en frá og með 1. september 2012 að undanskildum ökutækjum í flokknum M1G eins og skilgreint er í tilskipun 70/156/EBE,
- eða
- ökutæki með viðmiðunarmassa meiri en 1 760 kg sem eru smíðuð sérstaklega til nota í atvinnuskyni og þannig að unnt sé að koma fyrir hjólastól í ökutækinu,
3. „viðmiðunarmassi“: massi ökutækisins, tilbúins til aksturs, að frádrögnum föstum massa ökumannsins, 75 kg, að viðbættum 100 kg föstum massa,
4. „mengandi lofttegundir“: kolsýringur, köfnunarefnisoxíð, sem eru gefin upp sem ígildi köfnunarefnisdíoxíðs (NO₂), og vetniskolefni í útblæstri,
5. „mengandi efnisagnir“: efnisþættir útblásturslofts sem eru fjarlægðir úr þynntu útblásturslofti við hitastig sem er að hámarki 325 K (52 °C) með síunum sem lýst er í prófunaraðferðinni fyrir sannprófun á meðallosun gegnum útblástursrör,
6. „losun gegnum útblástursrör“: losun mengandi lofttegunda og efnisagna,
7. „losun við uppgufun“: gufur vetniskolefna sem eldsneytiskerfi ökutækis losar, aðrar en þær sem losaðar eru gegnum útblástursrör,
8. „sveifarhús“: rýmið í eða fyrir utan vél, tengt olíubotnskálinni með innri eða ytri rás, sem nota má til að losa lofttegundir og gufur,
9. „innbyggt greiningarkerfi“: búnaður fyrir mengunarvarnarkerfi sem hefur þann eiginleika að geta fundið sennilegt bilunarsvæði með bilanakóðum sem geymdir eru í tölvuminni,
10. „temprunarbúnaður“: sérhver smíðaeining sem skynjar hita, hraða ökutækis, snúningshraða hreyfils, gírstöðu sem ekið er í, lofttæmi í soggrein eða sérhverja aðra færíbreytu í þeim tilgangi að setja í gang, stilla, seinka eða enda aðgerð
- einhvers hluta mengunarvarnarkerfisins og sem dregur úr virkni mengunarvarnarkerfisins við eðlilegar aðstæður sem má vænta við venjulegan rekstur og not ökutækis,
11. „mengunarvarnarbúnaður“: þeir hlutar ökutækis sem stjórna og/eða takmarka losun gegnum útblástursrör og við uppgufun,
12. „upphaflegur mengunarvarnarbúnaður“: mengunarvarnarbúnaður eða samstæða slíks búnaðar sem fellur undir gerðarviðurkenningu ökutækisins sem um ræðir,
13. „endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður“: mengunarvarnarbúnaður eða samstæða slíks búnaðar sem er ætlað að koma í stað upphaflegs mengunarvarnarbúnaðar og unnt er að viðurkenna sem aðskilda tæknieiningu eins og skilgreint er í tilskipun 70/156/EBE,
14. „upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis“: allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna greininga, viðhalds, skoðunar, reglulegs eftirlits, viðgerða, endurstillinga eða endurfrumstillinga ökutækisins sem framleiðendur láta viðurkenndum seljendum sínum og viðgerðarverkstæðum í té, ásamt öllum síðari breytingum á upplýsingunum og viðbótum við þær. Undir þessar upplýsingar falla allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna ísetningar ihluta eða búnaðar á ökutæki,
15. „sjálfstæður rekstraraðili“: fyrirtæki, önnur en viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði, sem beint eða óbeint koma að viðgerðum og viðhaldi vélknúinna ökutækja, einkum viðgerðarverkstæði, framleiðendur eða dreifingaraðilar viðgerðabúnaðar, verkfæra eða varahluta, útgefendur tækniupplýsinga, bifreiðaklúbbar, vegabjónustufyrirtæki, rekstraraðilar sem annast eftirlits- og prófunarþjónustu, rekstraraðilar sem annast þjálfun þeirra sem annast uppsetningu, framleiðslu eða viðgerðir á búnaði fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti,
16. „lífrænt eldsneyti“: fljótandi eða loftkennt eldsneyti til flutninga, framleitt úr lífmassa,
17. „ökutæki, sem gengur fyrir óhefðbundnu eldsneyti“: ökutæki, sem hannað er til að geta gengið fyrir a.m.k. einni eldsneytistegund sem er annaðhvort loftkennt við lofthita og loftþrýsting eða að verulegu leyti framleidd úr annarri olíu en jarðefnaolíu.

II. KAFLI

5. gr.

SKYLDUR FRAMLEIÐENDA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR
GERÐARVIÐURKENNINGAR

Kröfur og prófanir

4. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu sýna fram á að öll ný ökutæki, sem eru seld, skráð eða tekin í notkun í Bandalaginu, séu gerðarviðurkennd í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar. Framleiðendur skulu einnig sýna fram á að allur nýr endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður, sem kröfur um gerðarviðurkenningu gilda um og er seldur, skráður eða tekinn í notkun í Bandalaginu, sé gerðarviðurkenndur í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

Þessar skyldur fela í sér að viðmiðunarmörk þau, sem sett eru fram í 1. viðauka, og framkvæmdarráðstafanirnar, sem um getur í 5. gr., skulu virt.

2. Framleiðendur skulu tryggja að fylgt sé gerðarviðurkenningaferli vegna staðfestingar á samræmi framleiðslu, endingu mengunarvarnarbúnaðar og samræmi ökutækja í notkun.

Auk þess skulu tæknilegar ráðstafanir, sem framleiðandi grípur til, vera þannig að tryggt sé að losun gegnum útblástursrör og við uppgufun sé takmörkuð með skilvirkum hætti, á grundvelli þessarar reglugerðar, allan eðlilegan endingartíma ökutækjanna og við eðlileg notkunarskilyrði. Því skal hafa eftirlit með samræmi ökutækja í notkun í allt að fimm ár eða að 100 000 km, hvort heldur ber fyrir að. Prófunin á endingu mengunarvarnarbúnaðar, sem gerð er í tengslum við gerðarviðurkenningu, skal ná yfir 160 000 km vegalengd. Til að uppfylla þessar prófunarkröfur um endingu skulu framleiðendur eiga kost á að nota öldrunarpróf, með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanirnar sem um getur í 4. mgr.

Einkum skal prófa samræmi hjá ökutækjum í notkun að því varðar losun gegnum útblástursrör m.t.t. losunarmarka í 1. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða prófunaraðferðirnar í því skyni að bæta eftirlit með losun við uppgufun og losun við lágan umhverfishita.

3. Framleiðendur skulu veita upplýsingar um koltvísýringlosun og eldsneytiseyðslu í skjali sem kaupandi ökutækisins fær afhent þegar ökutækið er keypt.

4. Allar sérstakar verklagsreglur og kröfur, sem varða framkvæmd 2. til 3. mgr., skulu vera í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

1. Framleiðandinn skal búa ökutækin þannig að íhlutir, sem líklegt er að hafi áhrif á losun, séu hannaðir, smíðaðir og settir saman þannig að við eðlilega notkun sé ökutækið í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

2. Notkun temprunarbúnaðar, sem dregur úr virkni mengunarvarnarkerfa, er bönnuð. Bannið gildir ekki ef:

a) búnaðurinn er nauðsynlegur til að vernda hreyfilinn gegn skemmdum eða slysum og til að tryggja að ökutækið virki á öruggan hátt,

b) búnaðurinn virkar ekki umfram það sem þarf til að ræsa hreyfilinn,

eða

c) prófunaraðferðir fyrir sannprófun á losun við uppgufun og meðallosun gegnum útblástursrör ná til aðstæðnanna að verulegu leyti.

3. Samþykkinga skal, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 15. gr., þær sérstöku verklagsreglur, prófanir og kröfur í tengslum við gerðarviðurkenningar sem settar eru fram í þessari málsgrein, ásamt kröfum varðandi framkvæmd 2. mgr., en þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana. Í þessu felst að fastsetja þær kröfur sem varða:

a) losun gegnum útblástursrör, þ.m.t. prófunarlotur, losun við lágan umhverfishita, losun í lausagangi, reykþéttni og rétta starfsemi og endurnýjun eftirmeðferðarkerfa,

b) losun við uppgufun og losun frá sveifarhúsi,

c) innbyggð greiningarkerfi og starfsemi mengunarvarnarbúnaðar við notkun,

d) endingu mengunarvarnarbúnaðar, endurnýjunarmengunarvarnarbúnað, samræmi notkunar, samræmi framleiðslu og aksturshæfni,

e) mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda og eldsneytiseyðslu,

f) fjölknúin ökutæki og ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti,

g) rýmkuð gerðarviðurkenninga og krafna fyrir smærri framleiðendur,

h) prófunarbúnað,

og

i) viðmiðunareldsneyti, s.s. bensín, dísilolíu og loftkennt eldsneyti, og lifrænt eldsneyti, s.s. lífetanól, lífdísilolíu og lífgas.

Kröfurnar hér að framan gilda, ef við á, um ökutæki án tillits til þess fyrir hvaða tegund eldsneytis þau ganga.

III. KAFLI

ADGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKJA

6. gr.

Skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu sjá til þess að aðgangur sjálfstæðra rekstraraðila að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja sé óhindraður og staðlaður í gegnum staðlað vefsetur, sem auðvelt og fljótlegt er að komast að, og þannig að þeim sé ekki mismunað gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang. Til að ná þessu markmiði skal leggja upplýsingarnar fram á samræmdan hátt í samræmi við tæknilegar kröfur OASIS-sniðsins⁽¹⁾. Einnig skulu framleiðendur koma á framfæri námsgögnum við sjálfstæða rekstraraðila og viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu m.a. ná til:

- a) ótvíræðs auðkennis ökutækis,
- b) handbóka,
- c) tæknihandbóka,
- d) upplýsinga um íhluti og úr greiningum (t.d. lágmarks- og hámarksviðmiðunargildi fyrir mælingar),
- e) skýringarmynd af leiðslum,
- f) greiningarkóða bilana (þ.m.t. sérkóðar framleiðanda),
- g) kenninumers fyrir kvörðun hugbúnaðar fyrir gerð ökutækis,
- h) upplýsinga um tæki og búnað með einkaleyfi, sem jafnframt er miðlað af þeim,

og

- i) upplýsinga úr gagnaskráningu, tviátta eftirlits og prófunargagna.

3. Líta ber á viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði innan dreifingarkerfis tiltekins ökutækjaframleiðanda sem sjálfstæða rekstraraðila í skilningi þessarar reglugerðar ef seljendurnir og viðgerðarverkstæðin veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir ökutæki sem tilheyra dreifingarkerfi annars ökutækjaframleiðanda sem þau eru ekki aðilar að.

4. Upplýsingarnar um viðgerðir og viðhald ökutækisins skulu ávallt vera tiltækar, nema þegar upplýsingakerfið þarfnast viðhalds.

5. Að því er varðar framleiðslu og viðhald hluta til endurnýjunar eða viðgerða, sem samrýmast innbyggða greiningarkerfinu, greiningartæki og prófunarbúnað, skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar, sem hagsmuna eiga að gæta, viðeigandi upplýsingar um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækja, án mismununar.

6. Að því er varðar hönnun og framleiðslu búnaðar fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum búnaðar fyrir slík ökutæki, ásamt þeim sem sjá um uppsetningu búnaðarins, viðeigandi upplýsingar um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækja, án mismununar.

7. Þegar framleiðandi sækir um EB-gerðarviðurkenningu eða gerðarviðurkenningu lands síns skal hann sýna gerðarviðurkenningaryfirvaldinu fram á að ákvæði þessarar reglugerðar séu uppfyllt að því er varðar aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og upplýsingunum, sem um getur í 5. mgr. Liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir eða ef þær samræmast ekki á þeim tíma þessari reglugerð og framkvæmdarráðstöfununum hennar skal framleiðandinn leggja þær fram innan sex mánaða frá dagsetningu gerðarviðurkenningarinnar. Ef ekki er sýnt fram á að ákvæðin séu uppfyllt innan þess tíma skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að þau verði uppfyllt.

Framleiðandinn skal gera síðari breytingar og viðbætur við upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja aðgengilegar á vefsetrum sínum um leið og þær eru gerðar aðgengilegar viðurkenndum viðgerðarverkstæðum.

7. gr.

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja

1. Framleiðendur mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja sem falla undir þessa reglugerð; gjald, sem ekki er í neinu samræmi við notkun sjálfstæða rekstraraðilans á upplýsingunum og letur hann þannig til að nýta sér þær, er hvorki sanngjarnt né hóflegt.

2. Framleiðendur skulu veita upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja daglega, mánaðarlega og árlega og skal gjaldið fyrir aðgang að þeim upplýsingum vera breytilegt í samræmi við þann tíma sem aðgangur er veittur.

⁽¹⁾ Með „OASIS-sniðinu“ er átt við tækniforskriftirnar í OASIS-skjali SC2-D5, snið fyrir upplýsingar um viðgerðir vélknúinna ökutækja, (Format of Automotive Repair Information) útgáfu 1.0 frá 28. maí 2003 (aðgengileg á: <http://www.oasis-open.org/committees/download.php/2412/Draft%20Committee%20Specification.pdf>), og í liðum 3.2, 3.5, 3.6, 3.7 og 3.8 OASIS-skjals SC1-D2, kröfufylsingu vegna viðgerða vélknúinna ökutækja (Autorepair Requirements Specification), útgáfu 6.1, dags. 10. janúar 2003 (aðgengileg á: <http://lists.oasisopen.org/archives/auto-repair/200302/pdf00005.pdf>), sem eru einungis á opnu textasniði og grafsku sniði.

8. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Samþykkja skal ráðstafanirnar um framkvæmd 6. og 7. gr., sem er ætlað að breyta veigalítlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 3. mgr. 15. gr. Undir þetta falla skilgreining og uppfærsla tæknilegra forskrifta sem lúta að því hvernig upplýsingar um greiningarkerfi og viðgerðir og viðhald ökutækja eru veittar, að teknu sérstöku tilliti til sérþarfa lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

9. gr.

Skýrsla

Eigi síðar en 2. júlí 2011 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um starfsemi aðgangskerfisins að því er varðar upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja, sérstaklega með tilliti til áhrifa á samkeppni og starfsemi innri markaðarins auk ávinnings fyrir umhverfið. Í skýrslunni skal fjalla um hvort rétt sé að steypa öllum ákvæðum um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja saman í einn texta innan breyttrar rammatilskipunar um gerðarviðurkenningu.

IV. KAFLI

SKYLDUR AÐILDARRÍKJA

10. gr.

Gerðarviðurkenning

1. Frá og með 2. júlí 2007 er yfirvöldum hvers lands um sig óheimilt að synja, af ástæðum sem varða losun eða eldsneytiseyðslu ökutækja, ósk framleiðanda um gerðarviðurkenningu EB eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð ökutækis eða banna að nýtt ökutæki sé skráð, selt eða tekið í notkun ef ökutækið uppfyllir ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstafana hennar, einkum viðmiðunarmörk Euro 5, sem tilgreind eru í töflu 1 í I. viðauka, eða viðmiðunarmörk Euro 6, sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka.

2. Frá og með 1. september 2009, og frá og með 1. september 2010 að því er varðar ökutæki í undirflokki II og III í flokki N₁ og ökutæki í flokki N₂, skulu yfirvöld hvers lands fyrir sig synja, af ástæðum sem varða losun eða eldsneytiseyðslu, um veitingu gerðarviðurkenningar EB eða innlendrar gerðarviðurkenningar fyrir nýjar gerðir ökutækja sem ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstafana hennar, einkum ákvæði viðaukanna, að frátöldum viðmiðunarmörkum Euro 6, sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka. Að því er varðar prófunina á losun gegnum útblástursrör skulu viðmiðunarmörkin fyrir ökutæki sem hönnuð eru til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir vera hin sömu og fyrir ökutæki í undirflokki III í flokki N₁.

3. Frá og með 1. janúar 2011, og frá og með 1. janúar 2012 að því er varðar ökutæki í undirflokki II og III í flokki N₁, ökutæki í flokki N₂ og ökutæki sem hönnuð eru til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir, skulu yfirvöld í hverju landi um sig líta svo á að samræmisvottorð gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE þegar um er að ræða ný ökutæki sem ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstafana hennar, einkum viðaukanna, að undanskildum viðmiðunarmörkum Euro 6, sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka, og banna að slík ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun, af ástæðum sem varða losun eða eldsneytiseyðslu. Að því er varðar prófunina á losun gegnum útblástursrör skulu viðmiðunarmörkin fyrir ökutæki sem hönnuð eru til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir vera hin sömu og fyrir ökutæki í undirflokki III í flokki N₁.

4. Frá og með 1. september 2014, og frá og með 1. september 2015 að því er varðar ökutæki í undirflokki II og III í flokki N₁ og ökutæki í flokki N₂, skulu yfirvöld í hverju landi fyrir sig synja, af ástæðum sem varða losun eða eldsneytiseyðslu, um veitingu gerðarviðurkenningar EB eða innlendrar gerðarviðurkenningar fyrir nýjar gerðir ökutækja sem uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstafana hennar, einkum viðmiðunarmark Euro 6, sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka.

5. Frá og með 1. september 2015, og frá og með 1. september 2016 að því er varðar ökutæki í undirflokki II og III í flokki N₁ og ökutæki í flokki N₂, skulu yfirvöld í hverju landi um sig líta svo á að samræmisvottorð gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 70/156/EBE þegar um er að ræða ný ökutæki sem uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstafana hennar, einkum viðmiðunarmark Euro 6, sem tilgreind eru í töflu 2 í I. viðauka, og banna að slík ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun, af ástæðum sem varða losun eða eldsneytiseyðslu.

11. gr.

Gerðarviðurkenning varahluta

1. Að því er varðar nýjan endurnýjunarmengunarvarnarbúnað, sem ætlaður er í ökutæki sem eru viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð, skulu yfirvöld í hverju landi um sig banna sölu á honum eða uppsetningu hans í ökutæki ef hann er ekki af gerð sem gerðarviðurkenning hefur verið veitt fyrir í samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

2. Yfirvöldum í hverju landi um sig er heimilt að rýmka gerðarviðurkenningar EB fyrir endurnýjunarmengunarvarnarbúnað, sem ætlast er til að fylgi stöðlum sem giltu áður en þessi reglugerð tók gildi og með þeim skilmálum sem upphaflega giltu. Yfirvöld í hverju landi um sig skulu banna sölu eða uppsetningu slíks endurnýjunarmengunarvarnarbúnaðar á ökutæki nema hann sé af gerð sem gerðarviðurkenning hefur verið veitt fyrir.

3. Endurnýjunarmengunarvarnarbúnaður, sem setja skal í gerð ökutækis sem var viðurkennd áður en kröfur vegna gerðarviðurkenninga íhluta voru samþykktar, er undanþeginn kröfunum í 1. og 2. mgr.

12. gr.

Fjárhagsleg hvatning

1. Aðildarríkjum er heimilt að setja ákvæði um fjárhagslega hvatningu sem gildir um raðframleidd ökutæki sem uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstafana hennar.

Þessi hvatning skal gilda um öll ný ökutæki, sem boðin eru til sölu á markaði í aðildarríki og uppfylla a.m.k. viðmiðunarmörk losunar í töflu 1 í I. viðauka fyrir þær dagsetningar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 10. gr.; en þá skal hún falla úr gildi.

Veita má fjárhagslega hvatningu, sem gildir einungis um ökutæki sem uppfylla viðmiðunarmörkin fyrir losun í töflu 2 í I. viðauka, vegna þeirra nýju ökutækja sem boðin eru til sölu á markaði í aðildarríki frá þeim dagsetningum sem tilgreindar eru í 3. mgr. 10. gr. og fyrir þær dagsetningar sem tilgreindar eru í 5. mgr. 10. gr.; hún skal falla úr gildi á þeim dögum sem tilgreindir eru í 5. mgr. 10. gr.

2. Aðildarríkjum er heimilt að veita fjárhagslega hvatningu vegna ísetningar endurbótarhluta í ökutæki, sem eru í notkun, og til úreldingar ökutækja sem uppfylla ekki kröfurnar.

3. Um hverja gerð ökutækis gildir að fjárhagslega hvatningin, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal ekki fara yfir viðbótarkostnað tæknibúnaðarins sem notaður er til að tryggja að losunarmörkin, sem tilgreind eru í I. viðauka, séu virt, þ.m.t. kostnaðurinn við uppsetningu á ökutækinu

4. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni með nægum fyrirvara um fyrirhugað upphaf fjárhagslegu hvatningarinnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., eða breytingar á henni.

13. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum framleiðenda gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði fyrir 2. janúar 2009 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

2. Brot þau, sem viðurlög gilda um, felast m.a. í því að:

- lagðar eru fram rangar upplýsingar meðan á viðurkenningarferlinu stendur eða í ferli sem leiðir til innköllunar,
- prófunarniðurstöður vegna gerðarviðurkenningar eða samræmis ökutækja í notkun eru falsaðar,
- gögn eða tækniforskriftir, sem gætu valdið innköllun eða afturköllun gerðarviðurkenningar, eru ekki látin af hendi,

d) temprunarbúnaður er notaður

og

e) synjað er um aðgang að upplýsingum.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Endurskilgreining á forskriftum

1. Framkvæmdastjórnin skal íhuga að taka losun metans með í útreikninga á losun koltvísýrings. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um ráðstafanir til að gera grein fyrir losun metans eða takmarka hana.

2. Þegar vinnu við agnamælingakerfi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem fram fer á vegum Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki (World Forum for Harmonisation of Vehicle Regulations), er lokið og eigi síðar en Euro 6 tekur gildi skal framkvæmdastjórnin samþykkja eftirfarandi ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, án þess að draga úr þeim metnaðarfullu kröfum, sem gerðar eru, að því er varðar umhverfið:

- breytingu á þessari reglugerð í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með eftirliti, sem um getur í 3. mgr. 15. gr., í því skyni að endursetja viðmiðunarmörkin fyrir massa agna, sem tilgreind eru í I. viðauka við þessa reglugerð, og taka upp viðmiðunarmörk fyrir fjölda agna í þeim viðauka þannig að þau samsvari í megindráttum viðmiðunarmörkunum fyrir massa bensins og dísilolíu,
- samþykkt endurskoðaðs verklags við mælingar fyrir agnir og viðmiðunarmarkna fyrir fjölda agna í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 3. mgr. 15. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal stöðugt endurskoða verklagsreglurnar, prófanirnar og kröfurnar, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., og einnig prófunarloturnar, sem notaðar eru við mælingar á losun. Leiði endurskoðunin í ljós að verklagsreglurnar, prófanirnar og kröfurnar eru ekki lengur fullnægjandi eða endurspeglar ekki lengur raunverulega losun skal þeim breytt þannig að þær endurspeglar á fullnægjandi hátt losunina sem á sér stað við raunverulegan akstur á vegum. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti, sem um getur í 3. mgr. 15. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með mengunarefnunum sem falla undir kröfurnar og prófanirnar, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að rétt sé að setja reglur um losun fleiri mengunarefna skal hún leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta þessari reglugerð til samræmis við það.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða losunarmörkin, sem tilgreind eru í töflu 4 í I. viðauka, fyrir losun kolsýrings og vetniskolefnis í gegnum útblástursrör eftir kaldræsingarprófun og skal, ef við á, leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið um strangari losunarmörk.

6. Breytingar skulu gerðar á viðeigandi viðauka við tilskipun 2005/55/EB í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferðina með eftirliti sem um getur í 3. mgr. 15. gr. þannig að þar sé að finna kröfur vegna gerðarviðurkenningar fyrir öll ökutæki sem falla undir gildissvið þeirrar tilskipunar.

15. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.-4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

16. gr.

Breytingar á tilskipunum 70/156/EBE og 2005/55/EB

1. Tilskipun 70/156/EBE er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

2. Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 2005/55/EB:

a) Eftirfarandi komi í stað titilsins:

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um gerðarviðurkenningu fyrir þung ökutæki og hreyfla að því er varðar losun þeirra (Euro IV og V).“

b) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki, eins og þau eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE, með viðmiðunarmassa meiri en 2610 kg,

b) „hreyfill“: knúningseining ökutækis sem unnt er að gerðarviðurkenna sem aðskilda tæknieiningu samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. tilskipunar 70/156/EBE,

c) „umhverfisvænt ökutæki“: ökutæki knúð hreyfli sem samrýmist leyfilegum viðmiðunarmörkum fyrir losun sem eru tilgreind í C-línu í töflunum í lið 6.2.1. í I. viðauka.“

c) Í stað 1. liðar I. viðauka komi eftirfarandi:

„1. Þessi tilskipun gildir um varnir gegn mengandi lofttegundum og efnisögnum, nýtingartíma mengunarvarnarbúnaðar, samræmi ökutækja/hreyfla í notkun og innbyggðra greiningarkerfa (OBD) í öllum vélknúnum ökutækjum og hreyfla eins og tilgreint er í 1. gr., að frátöldum þeim ökutækjum í flokki M₁, N₁, N₂ og M₂ sem fengið hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007 (*).

(*) Stjóð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.“

17. gr.

Niðurfelling

1. Eftirfarandi tilskipanir eru felldar úr gildi frá og með 2. janúar 2013:

— tilskipun 70/220/EBE,

— tilskipun 72/306/EBE,

— tilskipun 74/290/EBE,

— tilskipun 77/102/EBE,

— tilskipun 78/665/EBE,

— tilskipun 80/1268/EBE,

— tilskipun 83/351/EBE,

— tilskipun 88/76/EBE,

— tilskipun 88/436/EBE,

— tilskipun 89/458/EBE,

— tilskipun 91/441/EBE,

— tilskipun 93/59/EBE,

— tilskipun 93/116/EB,

— tilskipun 94/12/EB,

— tilskipun 96/44/EB,

— tilskipun 96/69/EB,

— tilskipun 98/69/EB,

— tilskipun 98/77/EB,

- tilskipun 1999/100/EB,
- tilskipun 1999/102/EB,
- tilskipun 2001/1/EB,
- tilskipun 2001/100/EB,
- tilskipun 2002/80/EB,
- tilskipun 2003/76/EB,
- tilskipun 2004/3/EB.
2. II. og V. viðauki við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/491/EBE frá 17. júlí 1989 um aðlögun að tækni framförum á tilskipunum ráðsins 70/157/EBE, 70/220/EBE, 72/245/EBE, 72/306/EBE, 80/1268/EBE og 80/1269/EBE um vélknúin ökutæki ⁽¹⁾ falli brott frá og með 2. janúar 2013.
3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.
4. Aðildarríkin skulu fella úr gildi framkvæmdalöggjöf sína, sem samþykkt var samkvæmt tilskipuninum sem um getur í 1. mgr., frá og með 2. janúar 2013.
- 18. gr.*
- Gildistaka**
1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Hún kemur til framkvæmda 3. janúar 2009, að frátöldum 1. mgr. 10. gr. og 12. gr., sem koma til framkvæmda 2. júlí 2007.
3. Breytingarnar eða framkvæmdaráðstafanirnar, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. og 6. mgr. 14. gr., skulu samþykktar eigi síðar en 2. júlí 2008.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 20. júní 2007.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

G. GLOSER

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 15.8.1989, bls. 43.

I. VIÐAUKI

LOSUNARMÖRK

Tafla 1

Losunarmörk Euro 5

| Flokkur | | Undir flokkur | Viðmiðunarmassi (reference mass) (RM) (kg) | Viðmiðunarmörk | | | | | | | | | | | | | |
|----------------|--|---------------|--|------------------------|-----|--|----|---|----|---|-----|---|-----|------------------------|-----|--------------------------------|----|
| | | | | Massi kolsýrings (CO) | | Massi heildarmagns vetniskolefna (THC) | | Massi vetniskolefna, annarra en metans (NMHC) | | Massi köfnunarefnisoxíða (NO _x) | | Samanlagður massi heildarmagns vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (THC + NO _x) | | Massi efnisagna (PM) | | Fjöldi agna ⁽¹⁾ (P) | |
| | | | | L ₁ (mg/km) | | L ₂ (mg/km) | | L ₃ (mg/km) | | L ₄ (mg/km) | | L ₂ + L ₄ (mg/km) | | L ₅ (mg/km) | | L ₆ (#/km) | |
| | | | | PI | CI | PI | CI | PI | CI | PI | CI | PI | CI | PI ⁽²⁾ | CI | PI | CI |
| M | | — | Allir | 1000 | 500 | 100 | — | 68 | — | 60 | 180 | — | 230 | 5,0 | 5,0 | | |
| N ₁ | | I | RM ≤ 1305 | 1000 | 500 | 100 | — | 68 | — | 60 | 180 | — | 230 | 5,0 | 5,0 | | |
| | | II | 1305 < RM ≤ 1760 | 1810 | 630 | 130 | — | 90 | — | 75 | 235 | — | 295 | 5,0 | 5,0 | | |
| | | III | 1760 < RM | 2270 | 740 | 160 | — | 108 | — | 82 | 280 | — | 350 | 5,0 | 5,0 | | |
| N ₂ | | | | 2270 | 740 | 160 | — | 108 | — | 82 | 280 | — | 350 | 5,0 | 5,0 | | |

Skýringar: PI = rafkveikja (positive ignition), CI = þjöppkveikja (compression ignition)

⁽¹⁾ Staðal fyrir fjölda skal skilgreina svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en við gildistöku Euro 6.

⁽²⁾ Staðlar fyrir agnamassa fyrir ökutæki með rafkveikju gilda einungis um ökutæki sem hafa hreyfla með beinni innsprautun.

Tafla 2
Losunarmörk fyrir Euro 6

| Flokkur | | Undirflokkur | Viðmiðunarmassi (reference mass) (RM) (kg) | Viðmiðunarmörk | | | | | | | | | | | | | |
|----------------|--|--------------|--|------------------------|-----|--|----|---|----|---|-----|---|-----|------------------------|-----|--------------------------------|----|
| | | | | Massi kolsýrings (CO) | | Massi heildarmagns vetniskolefna (THC) | | Massi vetniskolefna, annarra en metans (NMHC) | | Massi köfnunarefnisoxíða (NO _x) | | Samanlagður massi heildarmagns vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða (THC + NO _x) | | Massi efnisagna (PM) | | Fjöldi agna ⁽¹⁾ (P) | |
| | | | | L ₁ (mg/km) | | L ₂ (mg/km) | | L ₃ (mg/km) | | L ₄ (mg/km) | | L ₂ + L ₄ (mg/km) | | L ₅ (mg/km) | | L ₆ (#/km) | |
| | | | | PI | CI | PI | CI | PI | CI | PI | CI | PI | CI | PI ⁽²⁾ | CI | PI | CI |
| M | | — | Allir | 1000 | 500 | 100 | — | 68 | — | 60 | 80 | — | 170 | 5,0 | 5,0 | | |
| N ₁ | | I | RM ≤ 1305 | 1000 | 500 | 100 | — | 68 | — | 60 | 80 | — | 170 | 5,0 | 5,0 | | |
| | | II | 1305 < RM ≤ 1760 | 1810 | 630 | 130 | — | 90 | — | 75 | 105 | — | 195 | 5,0 | 5,0 | | |
| | | III | 1760 < RM | 2270 | 740 | 160 | — | 108 | — | 82 | 125 | — | 215 | 5,0 | 5,0 | | |
| N ₂ | | | | 2270 | 740 | 160 | — | 108 | — | 82 | 125 | — | 215 | 5,0 | 5,0 | | |

Skýringar: PI = rafkveikja (positive ignition), CI = þjöppkveikja (compression ignition)

⁽¹⁾ Skilgreina skal staðal fyrir fjölda fyrir þetta stig.

⁽²⁾ Staðlar fyrir agnamassa fyrir ökutæki með rafkveikju gilda einungis um ökutæki sem hafa hreyfla með beinni innsprautun.

Tafla 3

Losunarmörk fyrir prófunina á losun við uppgufun

| |
|---|
| Massi þess sem losað er við uppgufun (g/prófun) |
| 2,0 |

Tafla 4

Losunarmörk fyrir losun kolsýrings og vetniskolefna gegnum útblástursrör eftir kaldræsingarprófun

| Prófunarhitastig 266 K (-7 °C) | | | |
|--------------------------------|--------------|--|---|
| Ökutækjaflokkur | Undirflokkur | Massi kolsýrings (CO) L ₁ (g/km) | Massi vetniskolefna (HC) L ₂ (g/km) |
| M | — | 15 | 1,8 |
| N ₁ | I | 15 | 1,8 |
| | II | 24 | 2,7 |
| | III | 30 | 3,2 |
| N ₂ | | 30 | 3,2 |

II. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 70/156/EBE

Tilskipun 70/156/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi setning bætist við á eftir síðasta undirlið í 2. gr.:

„Þegar vísað er til sértilskipunar eða reglugerðar í þessari tilskipun skal það einnig taka til framkvæmdargerða þeirra.“

2. Orðin „eða reglugerð“ bætast við á eftir orðinu „sértilskipun“ í eftirfarandi ákvæðum:

fyrsta undirlið 2. gr.; níunda undirlið 2. gr.; tíunda undirlið 2. gr.; fjórtánda undirlið 2. gr.; 1. mgr. 3. gr.; 4. mgr. 3. gr.; c-lið 1. mgr. 4. gr.; d-lið 1. mgr. 4. gr.; 5. mgr. 5. gr.; 3. mgr. 6. gr.; 2. mgr. 7. gr.; 4. mgr. 13. gr.; 5. mgr. 13. gr.; fyrstu undirgrein I. viðauka; III. hluta III. viðauka; fyrstu mgr. II. hluta IV. viðauka; a-lið í 1. lið V. viðauka; b-lið í 1. lið V. viðauka; c-lið í 1. lið V. viðauka; síðu 2 á gerðarviðurkenningarvottorði EB fyrir ökutæki í VI. viðauka; 4. lið í 1. lið VII. viðauka; 1. nmgr. í VII. viðauka; lið 2.1 í X. viðauka; lið 3.3 í X. viðauka; Merking bókstafa: X í 4. viðbæti XI. viðauka; 2. lið B-liðar XII. viðauka; a-lið í 2. lið XIV. viðauka; c-lið í 2. lið XIV. viðauka; d-lið í 2. lið XIV. viðauka.

3. Orðin „eða reglugerðir“ bætast við á eftir orðinu „sértilskipanir“ í eftirfarandi ákvæðum:

áttunda undirlið 2. gr.; 1. mgr. 3. gr.; 2. mgr. 3. gr.; fyrsta og öðrum undirlið a-liðar 1. mgr. 4. gr.; b-lið 1. mgr. 4. gr.; 3. mgr. 4. gr.; þriðju undirgrein 4. mgr. 5. gr.; 6. mgr. 5. gr.; 2. mgr. 8. gr.; c-lið 2. mgr. 8. gr.; 2. mgr. 9. gr.; 2. mgr. 10. gr.; 1. mgr. 11. gr.; 2. mgr. 13. gr.; i-lið 1. mgr. 14. gr.; Skrá yfir viðauka; titill XIII. viðauka; fyrsta undirlið I. viðauka; fyrstu og annarri línu I. hluta IV. viðauka; 1. nmgr. við töfluna í II. hluta IV. viðauka; b-lið í 1. lið V. viðauka; 3. lið í V. viðauka; a-lið í 3. lið V. viðauka; b-lið í 3. lið V. viðauka; liðum 1 og 2 í VI. viðauka; síðu 2 á gerðarviðurkenningarvottorði EB fyrir ökutæki í VI. viðauka; lið 2.2 í X. viðauka; lið 2.3.5 í X. viðauka; lið 3.5 í X. viðauka; titli XII. viðauka; lið 1.1 í viðauka XIV.; c-lið í 2. lið XIV. viðauka.

4. Orðin „eða reglugerð“ bætist við á eftir orðinu „tilskipun“ í eftirfarandi ákvæðum:

þriðju undirgrein 3. mgr. 5. gr.; nmgr. X við töfluna í I. hluta IV. viðauka; fyrirsögn taflnanna á síðu 2 á gerðarviðurkenningarvottorði EB fyrir ökutæki; 2. lið 1. hluta VII. viðauka; 3. lið 1. hluta VII. viðauka; 4. lið 1. hluta VII. viðauka; liðir 1, 2, 2.1, 2.2 og 3 í VIII. viðauka; síðu 2 fyrir fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki M1, liðum 45, 46.1 og 46.2 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki M2 og M3, liðum 45 og 46.1 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki N1, N2 og N3, liðum 45 og 46.1 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir ófullbúin ökutæki í flokki M1, liðum 45 og 46.1 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir ófullbúin ökutæki í flokki M2 og M3, liðum 45 og 46.1 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir ófullbúin ökutæki í flokki N1, N2 og N3, liðum 45 og 46.1 í IX. viðauka; 2. nmgr. í X. viðauka; lið 1.2.2 í X. viðauka; Merking bókstafa: „á ekki við“ í 4. viðbæti við XI. viðauka; fyrirsögn töflunnar í XV. viðauka.

Orðin „eða reglugerðir“ bætast við á eftir orðinu „tilskipanir“ í eftirfarandi ákvæðum:

síðu 2 fyrir fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki M1 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki M2 og M3 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir fullbúin ökutæki eða fullbúin ökutæki í áföngum í flokki N1, N2 og N3 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir ófullbúin ökutæki í flokki M1 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir ófullbúin ökutæki í flokki M2 og M3 í IX. viðauka; síðu 2 fyrir ófullbúin ökutæki í flokki N1, N2 og N3 í IX. viðauka; XV. viðauka.

5. Í c-lið 2. mgr. 8. gr. bætast orðin „eða reglugerð(ir)“ við á eftir orðinu „tilskipun“ eða „tilskipanir“.

6. Í I. hluta IV. viðauka skal eftirfarandi koma í stað fyrirsagnar töflunnar og 2. liðar:

| „Viðfangsefni | Númer tilskipunar/reglugerðar | Tilvísun í Stjórnartíðindi ESB | Gildissvið | | | | | | | | | | | |
|---------------------------------|--------------------------------|--------------------------------|-------------------|-------------------|----------------|-------------------|-------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|--|--|
| | | | M ₁ | M ₂ | M ₃ | N ₁ | N ₂ | N ₃ | O ₁ | O ₂ | O ₃ | O ₄ | | |
| 2.Losun/Aðgangur að upplýsingum | .../.../EB (EB) nr. .../... | L..., ..., bls.... | X ⁽¹⁰⁾ | X ⁽¹⁰⁾ | | X ⁽¹⁰⁾ | X ⁽¹⁰⁾ | | | | | | | |

⁽¹⁰⁾ Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa ekki meiri en 2 610 kg. Getur, að ósk framleiðanda, átt við ökutæki með viðmiðunarmassa ekki meiri en 2 840 kg.“

7. Í I. hluta IV. viðauka falli 11. og 39. liður brott.
8. Í 4. hluta VII. viðauka bætist við orðin „eða reglugerðin“ á eftir orðinu „tilskipunin“.
9. Í 5. hluta VII. viðauka bætist við orðin „tilskipun eða reglugerð“ á eftir orðunum „sú síðasta“.
10. Í 1. viðbæti við XI. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar töflunnar og 2. liðar:

| „Liður | Viðfangsefni | Númer tilskipunar/reglugerðar | $M_1 \leq 2500$ (¹) kg | $M_1 > 2500$ (¹) kg | M_2 | M_3 |
|--------|-------------------------------|--------------------------------|--|-------------------------------------|---------------------|-------|
| 2 | Losun/Aðgangur að upplýsingum | .../.../EB (EB) nr. .../... | Q | G + Q | G + Q ^{cc} | |

11. Í 1. viðbæti við XI. viðauka falli 11. og 39. liður brott.
12. Í 2. viðbæti við XI. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar töflunnar og 2. liðar:

| „Liður | Viðfangsefni | Númer tilskipunar/reglugerðar | M_1 | M_2 | M_3 | N_1 | N_2 | N_3 | O_1 | O_2 | O_3 | O_4 |
|--------|-------------------------------|--------------------------------|-------|-------|-------|-------|-----------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| 2 | Losun/Aðgangur að upplýsingum | .../.../EB (EB) nr. .../... | A | A | | A | A ^{cc} | | | | | |

13. Í 2. viðbæti við XI. viðauka falli 11. og 39. liður brott.
14. Í 3. viðbæti við XI. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar töflunnar og 2. liðar:

| „Liður | Viðfangsefni | Númer tilskipunar/reglugerðar | M_2 | M_3 | N_1 | N_2 | N_3 | O_1 | O_2 | O_3 | O_4 |
|--------|-------------------------------|--------------------------------|-------|-------|-------|-----------------|-------|-------|-------|-------|-------|
| 2 | Losun/Aðgangur að upplýsingum | .../.../EB (EB) nr. .../... | Q | | Q | Q ^{cc} | | | | | |

15. Í 3. viðbæti við XI. viðauka falli 11. liður brott.
16. Í 4. viðbæti við XI. viðauka komi eftirfarandi í stað fyrirsagnar töflunnar og 2. liðar:

| „Liður | Viðfangsefni | Númer tilskipunar/reglugerðar | Færanlegir krantar í flokki N |
|--------|-------------------------------|--------------------------------|-------------------------------|
| 2 | Losun/Aðgangur að upplýsingum | .../.../EB (EB) nr. .../... | á ekki við ^{cc} |

17. Í 4. viðbæti við XI. viðauka falli 11. liður brott.